

**Nd.**

#### **40. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rjett til þess að vera dómtúlkar og skjálþýðendur.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt að veita mönnum rjett til að vera dómtúlkar og skjálþýðendur.

2. gr.

Ef maður vill öðlast þann rjett, sem getur í 1. gr., skal hann hafa sann- að fyrir stjórnarráðinu, að hann hafi næga þekkingu á þeirri tungu, sem hann vill öðlast rjett til að túlka fyrir dómi eða þýða skjöl úr og á. Heimilt er stjórn- arráðinu að skipa prófnefnd og ákveða henni kaup.

3. gr.

Nú hefir maður öðlast rjett þann, er getur í 1. gr., og skal hann þá skyldur að vera túlkur á dómþingum, þýða skjöl fyrir menn og stofnanir og

vinna eið að því, að ljósta eigi upp leyndarmálum nje halla máli í þýðingum sínum.

4. gr.

Stjórnarráðið semur og setur verðskrá yfir verk dómtúlka og skjalþýðenda.